



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara), 138. löggjafarþing 2009-2010, þingskjal 698 – 390. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla (skipun dómara). Með frumvarpinu er lagt til að settar verði nýjar reglur um skipun dómara við Hæstarétt og héraðsdóm en málsmeðferð við skipan dómara á Íslandi hefur m.a. verið gagnrýnd af alþjóðlegum eftirlitsstofnunum á sviði mannréttinda. Í skýrslu sinni um Ísland árið 2005 gagnrýndi Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins málsmeðferð við skipun dómara og áréttaði mikilvægi þess að dómstólar séu sjálfstæðir og óhlutdrægir í störfum sínum.

Fyrirhugaðar breytingar eru að mestu í samræmi við skýrslu sérstakrar nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði þann 3. mars 2009 til að endurskoða reglur um skipun dómara og gera tillögur að nýjum reglum. Í nefndinni sátu Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, sem var formaður hennar, Hákon Árnason, hæstaréttarlögmaður og Ómar Hlynur Kristmundsson stjórn málafræðingur og dósent við Háskóla Íslands. Sérstakur samráðshópur var skipaður samhliða nefndinni sem í sátu fulltrúar ASÍ, BHM, BSRB, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 4. gr. a., sem kveður á um dómnefnd sem metur hæfi umsækjenda um stöður dómara. Lagt er til að þeim verði fjölgað úr þremur, líkt og kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr. núgildandi laga um dómstóla nr. 15/1998, í fimm. Jafnframt eru gerðar tillögur um hvernig skipað skuli í þessa nefnd. Nefndin skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara þar sem tekin er afstaða til þess hvaða umsækjandi eða eftir atvikum umsækjendur eru hæfastir. Lagt er til að dómsmálaráðherra sé bundinn umsögn nefndarinnar og sé því skylt að skipa þann mann í dómaraembætti sem nefndin telur hæfastan meðal umsækjenda. Engu að síður er lagt til að Alþingi geti samþykkt tillögu dómsmálaráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum sem þarf að uppfylla skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. núgildandi laga um dómstóla. Í 3. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að breytingum á 2., 3. og 4. mgr. 12. gr. laganna sem mun fjalla um hæfi og skipan héraðsdómara.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur það á margan hátt til þess fallið að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem og að tryggja að þeir verði óháðir framkvæmdar- og löggjafarvaldinu sem þeir hafa eftirlit með. Skrifstofan vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindaskrifstofan lýsir ánægju sinni með þær tillögur um að sömu reglur skuli gilda um skipun hæstaréttardómara og héraðsdómara þannig að framangreind dómnefnd meti hæfi og hæfni allra umsækjenda um dómaraembætti. Skrifstofan telur að fyrirhugaðar breytingar muni auka á gagnsæi reglna um skipan dómenda og að tiltrú almennings á skipunarferlinu muni aukast að sama skapi. Einnig lýsir skrifstofan ánægju sinni með þá fyrirhuguðu breytingu að nefndarmönnum verði fjölgað úr þremur í fimm og telur að slíkar breytingar stuðli að vandaðri og málefnalegri málsmeðferð.

Í fyrirhugaðri 4. gr. a. er fjallað um tilnefningu nefndarmanna, þ.e. að tveir skulu tilnefndir af Hæstarétti og skuli annar þeirra ekki vera starfandi dómari, dómstólaráð tilnefnir þann þriðja og Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal svo kosinn af Alþingi. Í skýrslu framangreindrar nefndar, sem fékk það hlutverk að endurskoða reglur um skipun dómara, er lagt til að tveir fulltrúar almennings eigi sæti í dómnefndinni sem ekki þurfa að vera lögfræðingar en geta verið það. Tilgangurinn að fá í nefndina víðara sjónarhorn, þeir eiga að hafa víðtæka þekkingu á samfélagsmálum og vera vel metnir borgarar. Líkt og að framan er rakið er lagt til, í umræddu frumvarpi, að í nefndinni sitji einn fulltrúi almennings en ekki tveir. Mannréttindaskrifstofan setur ekki sérstaklega út á þá ákvörðun enda er í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu útskýrt að sá nefndarmaður sem Hæstiréttur tilnefnir og má ekki vera starfandi dómari geti verið í hliðstæðri stöðu. Hins vegar kemur fram í athugasemdunum að hér á landi sé ekki auðvelt að finna á meðal frjálsra félagasamtaka einhver ein sem talist gæti samnefni fyrir þau öll eða flest og eðlilegt væri að leita til um tilnefningu í nefndina. Þess vegna sé talið tryggast að fela Alþingi það hlutverk að kjósa fulltrúa almennings til setu í nefndinni. Tillaga fyrrgreindrar nefndar um þetta er sú að fulltrúar almennings skuli vera tilnefndir af hagsmunasamtökum og nefnir Mannréttindaskrifstofu Íslands sem dæmi um samtök sem gætu staðið að slíkum tilnefningum. Mannréttindaskrifstofan vill ítreka þessi tilmæli nefndarinnar og telur sig geta sinnt þessu hlutverki af mikilli kostgæfni og heilindum. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Mannréttindaskrifstofan er fulltrúi breiðs hóps sem starfar að mannréttindum, m.a. háskólasamfélagsins, Jafnréttisstofu og fjölda félagasamtaka og endurspeglar þannig stóran hluta samfélagsins.

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli telst til grundvallarmannréttinda. Fyrirliggjandi frumvarp er til þess fallið að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og tiltrú almennings á dómskerfið og vonar skrifstofan því að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE